
Vatnsaflsvirkjun við Múlaá í Garpsdal, Reykhólahreppi

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 28. nóvember 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá AB fasteignum um fyrirhugaða vatnsaflsvirkjun við Múlaá í Garpsdal, Reykhólahreppi, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 3.22 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykhólahrepps, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnunar Íslands, Orkubús Vestfjarða, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Galtarvirkjun í Garpsdal, AB-fasteignir, nóvember 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 27. desember 2019.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 11. desember 2019.
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 18. desember 2019.
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti dags. 10. desember 2019.
- Veðurstofu Íslands með tölvupósti dags. 18. desember 2019.
- Vegagerðinni með tölvupósti dags. 16. desember 2019.
- Reykhólahreppi með tölvupósti dags. 7. janúar 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með tölvupósti dags. 3. janúar 2020.
- Orkustofnun með tölvupósti dags. 21. janúar 2020.

Ekki barst umsögn frá Orkubúi Vestfjarða.

Frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila bárust þann 22. apríl, 13. maí, 18. ágúst og 4. september 2020.



3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD



Mynd 1. Áætluð tilhögun virkjunarinnar við Múlaá

Fyrirhuguð framkvæmd felst í gerð rennslisvirkjunar í Múlaá í Garpsdal og er áætlað að virkjað rennsli verði um $1,23 \text{ m}^3/\text{s}$ sem er meðalrennsli árinna. Staðsetning inntaks verður norður af Garpsdalsvatni og frá inntaki verður lögð um 2,4 km löng þrýstipípa að stöðvarhúsi neðan gamla þjóðveggarins. Upphaflega var gert ráð fyrir 300 metra aðrennslisskurði en eftir athugasemdir Orkustofnunar er nú ráðgert að leggja um 300 metra langa aðrennslispípu til að leiða ónefndan læk austan við ána að inntaksmannvirki. Gerður verður um 70 metra langur, 2,2 m breiður og allt að 0,4 metra djúpur fráveituskurður frá stöðvarhúsi út í Múlaá. Fallhæð verður um 84 metrar og uppsett afl virkjunarinnar verður 950 kW. Jafnframt er eftir athugasemdir Hafrannsóknastofnunar um rennslisskerðingu vegna virkjunarinnar gert ráð fyrir að sett verði stýranlegt framhjálaup á inntaksmannvirki til að tryggja lágmarksrennsli uppá $0,22 \text{ m}^3/\text{s}$ til Garpsdalsvatns og í árfarveg milli inntaksmannvirkis og stöðvarhúss.

Vegslóði sem liggur um Garpsdalsmela verður nýttur sem aðgengi að inntaksmannvirki. Fyrir sunnan Garpsdalsveg er að finna slóða sem nýttur verður sem aðkoma að stöðvarhúsi, farið verður yfir ána á vaði og leggja þarf stuttan vegslóða að stöðvarhúsi vestan megin árinna.

Stöðvarhúsið verður um 70 m^2 að stærð og 4 metra hátt. Inntaksmannvirki verður með Coandavirkni, áætlað er að steypumagn í inntaksvirkið verði um 70 m^3 , það verður að mestu niðurgrafið og ristar þess um 1,2 metra breiðar. Heildarbreidd inntaksmannvirkis verður um 46 metrar með inntaki, stíflu, jöfnunarþró og flóðavari. Inntaksþróin er áætluð um 4 metrar á hæð, af því verða um 2 metrar af flóðayfirfalli sýnilegir. Efni sem kemur upp við gröft verður nýtt til að fylla í skurðinn aftur.

Virkjunin verður tengd við raforkukerfið með jarðstreng frá Króksfjarðarnesi að spennistöð sem verður hluti af stöðvarhúsi, Orkubú Vestfjarða mun annast tenginguna.

Í umsögn Orkustofnunar bendir stofnunin á að rennslismælingar sem vitnað er í eru teknar skammt neðan við veg og því eigi þær við um samanlagt rennsli úr öllum lindum á leiðinni sem og Garpsdalsvatni. Einnig kemur fram í umsögn Orkustofnunar að meðalrennsli frá rennslismælingum virðist almennt vera undir nýtingarrennsli og að ekki sé nægilega skýrt hvernig framkvæmdaraðili hyggist miða við það rennsli án miðlunar.



Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að í samanburðarmælingum sem gerðar hafi verið rétt neðan við ármót Múlarangalaár og Garpsdalsrangalaár frá 2016-19 sýni meðalrennsli um 1,4 m³/s en að virkjað rennsli verði miðað við meðalrennsli úr eldri gögnum eða 1,23 m³/s.

4 UMHVERFISÁHRIF

Gróður

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að farið hafi verið í gróðurfarsathuganir á vegum Náttúrustofu Vestfjarða á áhrifsvæði framkvæmdarinnar og þær bornar saman við vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í gróðurfarsathugun kom fram að á svæðinu væri að finna uppgræðslusvæði sem sýnd væri sem grashólavist á vistgerðakorti NÍ og að á svæði sem skilgreint væri sem votlendi sé að mestu framræst mýri. Á áhrifsvæði fallþípu er að mestu að finna graslendi, við fyrirhugað inntak er að mestu graslendi og við stöðvarhúsið er grasi gróinn melur. Áhrif á gróður eru talin óveruleg og að gróður muni endurheimta sig þegar framkvæmdum er lokið.

Fram kemur í umsögn Orkuskiptafundar að aðveituskurður sem þverar svæði þar sem áætlað er að endurheimta votlendi fyrir ofan Garpsdalsvatn muni að öllum líkindum hafa áhrif á vatnabúskap votlendisins og því standist ekki staðhæfing í greinargerð um að landsvæðið á milli aðveituskurðar og Garpsdalsvatns sé utan áhrifsvæðis virkjunarinnar. Fram kemur að skurðurinn þveri náttúrulegar rennislíleiðir vatns á leið að vatninu og því líklegt að skurðurinn muni safna í sig a.m.k. hluta vatnsins sem annars rynni um svæðið.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að í kjölfar umsagnar Orkuskiptafundar hafi framkvæmdaraðili hætt við áform um aðveituskurð á votlendissvæði og í stað mun vatn verða leitt í niðurgrafinni þípu í gegnum svæðið. Með því ættu náttúrulega rennislíleiðir að vera ótruflaðar.

Fuglalíf

Fram kemur að að mati Náttúrustofu Vestfjarða muni virkjunarframkvæmdir hafa talsvert neikvæð áhrif á fugla, einkum á framkvæmdatíma. Eftir að framkvæmdum lýkur og gróður hefur jafnað sig eru áhrif á fugla talin óveruleg. Helstu áhrif á fugla eru tengd við óvissu varðandi Garpsdalsvatn því að álf, lómur og óðinshani þurfi að vera í návist við vatn við varp, rennsli til vatnsins og Múlaár mun minnka með tilkomu virkjunarinnar en fram kemur að hvorki vatnið né áin muni þorna upp. Ekki sé ljóst hvaða áhrif virkjunin hafi á vatnsyfirborð Garpsdalsvatn en ef að í ljós komi að yfirborð fari að lækka þá er hægt að koma fyrir fyrirstöðu úr náttúrulegu grjóti við útfall vatnsins til að hindra að yfirborðið lækki. Einnig er áætlað að loka skurðum á framræstu votlendi ofan vatnsins og standa vonir til að til lengri tíma muni það hafa jákvæð áhrif á fugla ef endurheimt votlendisins tekst vel. Á framkvæmdasvæði virkjunarinnar er að mestu gróðursnautt svæði og ekki mikið fuglalíf.

Vatnalíf

Fram kemur að ekki sé vitað um veiði í Garpsdalsvatni né Múlaá. Áin sé fiskgegn úr sjó á um 220 metra kafla og raskast um 40 metra kafli af því með tilkomu virkjunarinnar. Áhrif á vatnsmagn í farveginum verður á um 2 km kafla en lítið er um fiska á þeim kafla samkvæmt greinargerð. Við rafveiði hafi fundist tvær bleikjur ofan við Garpsdalsvatn, í Múlaá hafi fundist ein bleikja, allar voru þær undir 7 cm, þar sem Múlaá er fiskgeng sást einn stærri fiskur, um 15-20 cm langur. Samkvæmt úttekt Náttúrustofu Vestfjarða kemur fram að ef áin þornar upp á einhverjum tíma þá verði áhrif á lífríki árinna verulega neikvæð en væntanlega minni ef lágmarksrennsli verður tryggt og að áhrif framkvæmdarinnar séu því óviss vegna þess að ekki liggi fyrir hvort það verði raunin.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að stofnunin telur að áhrif af virkjuninni verði verulega neikvæð á lífríkið nema að lágmarksrennsli verði tryggt í ánni, með því megi draga úr neikvæðum áhrifum. Einnig bendir stofnunin á að með hliðsjón af lögum um stjórn vatnamála þá



skal gæta að nýting vatns valdi ekki neikvæðum áhrifum á vistkerfi vatna og að það þurfi að vakta þá gæðabætti sem tilgreindir eru í lögunum svo hægt sé að meta áhrif fyrirhugaðrar virkjunar á vistkerfi.

Í svari framkvæmdaraðila segir að áætluð virkjun sé rennslisvirkjun án miðlunar og ekki ætlunin að þurrka upp árfarveginn. Í kjölfar umsagnar Hafrannsóknastofnunar leitaði framkvæmdaraðili til verkfræðistofunnar Efla til að leggja mat á hvernig tryggja mætti ásættanlegt lágrennsli. Efla leggur til í mati sínu að sett verði stýranlegt framhjálaup á stíflumannvirki til að tryggja náttúrulegt lágrennsli (miðað við áætlun á langæi ofan Garpsdalsvatns sem Efla gerði útfrá stökum rennslismælingum sem framkvæmdar voru á milli 1951 og 2003) uppá 0,22 m³/s til Garpsdalsvatns og þá jafnframt á milli inntakshúss og stöðvarhúss. Framkvæmdaraðili mun tryggja með vöktun og stýranlegu vatnsflæði framhjá inntaki að náttúrulegt lágrennsli haldist í farveginum þegar þess er þörf.

Fram kemur í umsögn Fiskistofu að stofnunin telji að vegna þess að forsendur fyrir framkvæmdinni hafi ekki legið fyrir þá kunningu að vera ástæða til frekari rannsókna á lífríki vatnsfallsins eða að leggja að nýju mat á rannsóknarniðurstöður með tilliti til forsenda sem fram koma í úttekt Náttúrustofu Vestfjarða.

Í svari framkvæmdaraðila segir að í skýrslu Náttúrufræðistofu Vestfjarða komi skýrt fram að engin miðlun sé fyrirhuguð og að því hafi ekki verið breytt.

Ásýnd og landslag

Eins og áður kemur fram er áætlað að gera inntaksmannvirki, aðveitu- og fráveituskurð ásamt um 2,4 km fallpípu sem grafa þarf niður. Einnig kemur fram að áætlað sé að virkja meðalrennsli og því líklegt að Múlaá verði vatnslítill þegar minnst rennsli er á veturna og á þurrkatímum að hausti. Stöðvarhús verður sýnilegt frá Garpsdalsvegi og einnig ættu að sjást ummerki eftir fallpípu, að minnsta kosti þar til gróður hefur endurheimt sig. Mannvirkjum verður komið fyrir í landslagi þannig að lítið fari fyrir þeim.

Menningarminjar

Fram kemur að fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða hafi kannað hvort að fornleifar væri að finna á framkvæmdasvæðinu og í ljós hafi komið að engar minjar væru innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram samkvæmt fornleifaskráningu vegna vindmyllugarðs í landi Garpsdals sé að finna tvær fornleifar við vegslóðann frá Garpsdalsvatni og niður að þjóðveg sem ætlað sé að nota sem aðkomuveg fyrir vatnsaflsvirkjunina í Múlaá. Annars vegar sé um að ræða vörðu (BA-003:034) og hins vegar grjóthleðsla í nálægð vörðunnar. Að mati stofnunarinnar er nægilegt að merkja vörðuna með áberandi hætti svo henni verði ekki raskað af vangá. Einnig kemur fram að skrá þurfi gamlan reiðveg sem fundist hafi innan áhrifasvæðis vegslóðans við þjóðveginn. Í umsögn stofnunarinnar kemur einnig fram að skrá þurfi fornleifar á lagnaleið jarðstrengs sem og á áhrifasvæði gömlu loftlínunnar sem áætlað er að rífa niður.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að þær fornleifar sem Minjastofnun vitnar í í umsögn sinni hafi ekki verið skráðar við fornleifaskráningu Náttúrustofu Vestfjarða vegna framkvæmdarinnar. Framkvæmdaraðila er þó kunnugt um þær fornleifar nú og tryggt verður að áður nefndar fornleifar verði vel merktar og að þeim verði ekki raskað vegna framkvæmdarinnar. Jafnframt kemur fram að lagning rafstrengs í jörðu verði á vegum Orkubús Vestfjarða sem eru meðvitaðir um að taka þurfi tillit til fornleifa þegar lagning strengja er áætluð. Þess verði gætt að ekki verði rask á fornleifum við strenglagningu.



5 SKIPULAG OG LEYFI

Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018. Einnig þarf að liggja fyrir staðfest deiliskipulag vegna framkvæmdarinnar.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Reykhólahrepps samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi Reykhólahrepps samkvæmt lögum um mannvirki. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit. Afla þarf leyfis Orkustofnunar samkvæmt raforkulögum. Leyfi Fiskistofu þarf til framkvæmda við ár og vötn samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða um 950 kW rennslisvirkjun í Múlaá í Garpsdal. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3.22 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og nýtingu náttúruauðlinda, sem varða framkvæmdina, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með áætlaðri framkvæmd sem samanstendur af mörgum framkvæmdaþáttum líkt og gerð stíflu, styrkingu og nýlagningu vega, lagningu aðrennslispípu, gerð frárennslisskurðar og byggingu stöðvarhúss mun raskast um 7,2 ha svæði. Þar sem stíflan er fyrir ofan Garpsdalsvatn mun vatnsflæði að vatninu skerðast að einhverju leyti og fram kemur að ef framkvæmdin muni hafi áhrif á yfirborð vatnsins sé hægt að koma fyrir grjótfyrirstöðu við útfall þess til að viðhalda vatnsyfirborði. Neðan stíflu mun rennsli vera skert á um 2 km löngum kafla, einkum yfir vetrartímenn. Efnisþörf vegna framkvæmdanna er lítil.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til kjörlendis dýra, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdasvæði er eins og áður sagði ekki umfangsmikið en að hluta ósnortið. Styrkja þarf vegslóða og leggja stuttan slóða að stöðvarhúsi. Fram kemur að um 13-15 ha framræst votlendi í nágrenni við inntaksmannvirki verði endurheimt og að þrýstipípa verði á svæði sem er að mestu ógrónir melar og graslendi. Ekki verður rask á votlendi sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd en einhver áhrif verða líklega á Garpsdalsvatn sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Mannvirki framkvæmdarinnar eru umfangslítill og ekki líklegt til að hafa mikil sjónræn áhrif.

Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðrar virkjunar í Múlaá felast einna helst í áhrifum á skertu rennsli árinna, einkum að vetrarlagi, mögulegum áhrifum á fugla- og vatnalíf og áhrifum á ásýnd svæðisins vegna stíflumannvirkja og stöðvarhúss. Skerðing á vatnsmagni í ánni og vatnsflæði til Garpsdalsvatns eru einnig líkleg til að hafa einhver áhrif en lítil framleiðni er í ánni og engin skráð veiði þannig að ekki er líklegt að framkvæmdin muni hafi áhrif á laxfiskastofna. Til að lágmarka áhrif á Garpsdalsvatn og



árfarveg Múlaár mun framkvæmdaraðili koma fyrir stýranlegu framhjálaupi til að tryggja að lágmarksrennsli fari ekki undir 0,22 m³/s. Áhrif vegna inntaksmannvirkis verða varanleg. Byggt á framlögðum gögnum verða áhrif af framkvæmdinni bundin við afmarkað svæði og ekki líklegt til að hafa áhrif á marga.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. október 2020.

Reykjavík, 17. september 2020.

Egill Þórarinsson

Jón Þórir Þorvaldsson